

Bogi Kristinsson, skipulags- og byggingarfulltrúi
Miðbraut 11
370 Búðardalur
byggingarfulltrui@dalir.is

Dags. 9.10.2017
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2016-285
0.5

Með bréfi dags. 31. ágúst sl. óskaði Árneshreppur eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi hreppsins 2005-2025 ásamt umhverfisskýrslu og tillögu að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu fyrir Hvalárvirkjun.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Í kafla 3.1.4 *Vatnafar* komi „Vatnasvið Hvalár, sem hefur afrennsli af Ófeigsfjarðarheiði, nær suður að vatnaskilum ...“ í stað „Vatnasvið Hvalár, sem hefur afrennsli af Ófeigsfjarðarheiði, nær allt norður til suðurenda Drangajökuls og suður að vatnaskilum ...“.

Í kafla 3.1.5 *Veðurfar* eru birtar vindrósir úr vindatlasí Veðurstofunnar. Þær vindrósir segja ekkert um vindhraða, en mikilvægt er að hann komi fram.

Þá komi eftirfarandi texti í stað þess sem fyrir er: „Norðnorðaustan- og norðaustanáttir eru algengastar á Ströndum. Suðvestan- og vestanáttir eru einnig tíðar. Vindhraði er jafnari í norðaustanáttum en í vestlægum áttum og sérstaklega geta suðvestanáttir orðið byljóttar, einkum þar sem þær blása ofan af fjöllum og myndast þá hvassir, staðbundnir strengir í dölum og skörðum. Vindur getur orðið hvassari hlémegin fjalla en uppi á fjöllum og heiðum. Meðfylgjandi vindrósir frá Litlu-Ávík og Gjögurflugvelli sýna að lítill munur er á meðalvindhraða í þessum algengustu vindáttum.“

Ekki eru gerðar athugasemdir við kafla 3.1.6 *Náttúruvá*.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ